

þær til greina gegn alveg ljósum ákvæðum félagslaganna, sem ótvírætt leysa félagið frá skaðabótaskyldu, þegar svo stendur á sem hér um ræðir, að hvorki skipstjóri né stýrimaður var í skipinu, er því barst á.

Það verður því að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað stefndu af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn Th. Thorsteinsson greiði stefndu, Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Jóni Jónssyni fyrir hönd þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. dag nóvembermán.

Nr. 34/1911:

Einar M. Jónasson  
gegn

Þorbjörgu Armannsdóttur.

D ó m u r:

Áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Mýra- og

Borgartjardarsýsla á hendur stefndu Þorbjörgu Ármannsdóttur ekkju á Stóra-Kálfalæk, til greiðslu á eftirstöðvum húsbýggingarkostnaðar, kr. 1601,58, með vöxtum frá 7. des. 1909 til greiðsludags. Var málið dæmt í gestaréttinum 12. júlí þ. á. og stefnda sýknuð, en málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. júlí þ. á. og krafist þess, að gestaréttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum. Af hendi stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Í ársbyrjun 1907 réðst Oddur heitinn Jónsson, bóndi á Stóra-Kálfalæk, maður stefndu, í að reisa íbúðarhús á nefndri eignar- og ábúðarjörð sinni, og samdist svo með honum og Sigurði Jóhannssyni trésmið og kaupmanni á Ökrum, að Sigurður tók að sér að koma upp húsinu og leggja alt til þess, smíði og efni, þó með hliðsjón af því efni, er Oddur hafði þegar aflað sér; átti efnið að vera með Reykjavíkurverði, að viðbættum flutningskostnaði; húsið átti að vera úr timbri, járnvarið 11×10 ál. að stærð, ein lofthæð með porti og beinu risi, kjallaralaust og viðbyggingarlaust. Að öðru leyti átti Sigurður að ráða gerð hússins, og borgun fyrir efni og smíði skyldi greiðast smámsaman eftir ástæðum. Samningur þessi var munnlegur, en aðalatriði hans voru eftir skýrslu stefndu þau er nú var sagt, og er sú skýrsla ekki vefengd af áfrýjanda.

Smíði hússins var að mestu leyti lokið í aprílmánuði 1908, og þá meðtók Oddur reikning frá Sigurði yfir byggingarkostnaðinn, dags. 7. apríl, að upphæð 4611 kr.

28 a., sem þó að sögn Sigurðar eigi var fullnaðareikningur, en Oddur fékk þó eigi annan reikning frá Sigurði, og dó svo 7. jan. 1909, að hann hafði eigi fengið loka-reikning yfir byggingarkostnaðinn og hafði hann þá greitt Sigurði samtals 4781 kr. 28 a. En nálægt 2 mánuðum eftir lát Odds barst ekkju hans reikningur, dags. 20. febr. 1909, yfir eftirstöðvar kostnaðarins að upphæð 1992 kr. 17 a. Stefnda, sem situr í óskiftu búi eftir mann sinn, neitaði að borga þennan viðbótarreikning, en Sigurður Jóhannsson framseldi þá áfryjanda kröfu sína á hendur henni til eignar og umráða, og er skuldin talin 1601 kr. 58 a. í reikningi þeim, sem framsalið er ritað á og dags. er 7. des. 1909, en það er sú upphæð, sem stefnt er um í máli þessu.

Stefnda heldur því fram, að hún sé eigi að eins skuldlaus við Sigurð Jóhannsson út af húsasmíðinni, heldur hafi honum verið greitt langt fram yfir það, er bonum bar að réttu, og sé því máli svo varið, að Sigurður hafi í reikningum sínum talið stórum mun meira af alskonar efni, einkum timbri, en í húsið hafi getað farið, enda séu reikningarnir svo rangir og ósamhljóða, að ekkert sé á þeim byggjandi. Hið oftalda efni telur hún nema 1979 kr. 40 a. og hefir sundurliðað ítarlega, hvað oftalið sé af hverri efnistegund fyrir sig, og til sönnunar máli sínu hefir stefnda látið gjöra nákvæma lýsing á húsinu, stærð þess og gerð og efnistegundum, er í það hafa verið notaðar, og eftir þeirri lýsingu hafa 2 húsasmíðir látið uppi álit sitt um það, og hve mikið og hvers virði efni það hafi verið, sem í húsið var notað; hafa þeir komist að þeirri niðurstöðu að þetta efni hafi verið 2766 kr. 85 a. virði, auk farfa, sem þeir

ætla að hafi kostað 100 kr. Að líkri niðurstöðu hafði annar húsasmiður komist, sem fenginn var eftir uppástungu Sigurðar til að athuga húsið og efni í það; taldi hann efni í húsinu tæpra 3000 kr. virði. En í hinum framselda reikningi 7. des. 1909, sem málsóknin er byggð á, er talið efni í húsið fyrir 4986 kr. 07 a.

Áfrýjandi hefir eigi mótmælt því, að áminstar álitsgjörðir húsasmiðanna séu réttar, eða staðhæft að meira efni hafi farið í húsið, en þeir telja. En hann heldur því fram, að mikill atgangur hafi orðið af efninu, sem stefnda, eða maður hennar hafi notað í aðrar smíðar, en nokkru af því hafi þau fargað. En aðallega telur þó áfrýjandi það kröfu sinni til stuðnings, að Oddur Jónsson hafi samþykkt reikning Sigurðar Jóhannssonar 7. apríl 1908, kr. 4611,28, með því að hann hafi greitt upphæð hans að fullu, án þess að vefengja hann, en sú reikningsupphæð er mest öll fyrir efni í húsið, að frádregnum tæpum 300 kr. fyrir flutning þess frá Reykjavík.

Stefnda neitar því, að Oddur hafi viðurkent eða viljað viðurkenna þennan reikning réttan, honum hafi þvert á móti þótt hann of hár, en vegna veikinda, þar sem hann hafi verið við rúmið og rúmfastur að öðruhvoru meðan á húsasmiðinni stóð, hafi hann eigi getað talið eða mælt efni það, er Sigurður Jóhannsson flutti og lagði til hússins, en hann hafi þá haft ótakmarkað traust til Sigurðar, að hann mundi eigi færa til reiknings meira efni en hann hefði lagt til. Við lok aprílmánaðar 1908 hafi Oddur verið búinn að greiða Sigurði 4580 kr., og ekki búist við að þurfa að bæta miklu við, og af því hann þjáðist af lungnatæringu og bjóst við dauða sínum bráðlega, hafi hann viljað fá viðskifti sín við Sigurð út-

kljád sem fyrst, en ekki fengið það; Sigurður hafi dregið það á langinn, og þegar þeir töluðust síðast við um viðskiftin, 7. nóv. 1908, hafi Sigurður ekki fengist til að segja hvað hann teldi til skuldar hjá Oddi. Eftir þessari skýrslu stefndu, sem áfryjandi hefir ekki borið á móti, er eigi heimilt að líta svo á, sem Oddur hafi samþykkt umgetinn reikning 7. apríl 1908, eða afsalað sér öllum aðfinslum við hann, en það verður að gjöra ráð fyrir, að hann hafi viljað geyma sér að athuga reikningsviðskifti þeirra Sigurðar öll í heild sinni og fá leiðrétt það, sem rangt kynni að vera í þeim, og þá einnig í reikningnum 7. apríl 1908, þangað til fullnaðarreikningur kæmi, og að hann eftir málavöxtum hafi haft rétt til þess.

Samkvæmt því sem áður er sagt, verður að telja það viðurkennt í málinu, að eigi hafi verið notað meira efni í húsið, en fyrir tæpar 3000 kr. Um annað eða meira efni sömdu þeir eigi Oddur og Sigurður, en hafi afgangur orðið af því efni, er Sigurður flutti að Stóra-Kálfalæk, og þau notað hann, stefnda eða maður hennar, eða ráðstafað honum í sínar þarfir, ber henni að sjálfsögðu að borga hann. Stefnda hefir nú lýst ranga sögusögn áfryjanda um hann, að nokkrum efnisleifum hafi verið fargað, og hann hefir eigi reynt að sanna það. Að öðru leyti hefir stefnda skýrt svo frá, að enginn teljandi afgangur hafi orðið af öðru efni en trjám og gólfborðum eða klæðningsborðum, og að þessi afgangur hafi verið notaður til að smíða úr gasla í 9 rúmstæði og 2 smáborð, en til einkis annars, og hefir áfryjandi eigi hnekt þessari skýrslu.

Þessar efnisleifar virðast þá ekki hafa verið svo verulegar, að þær geti ráðið neinu um úrslit málsins,

ekki sízt, er þess er gætt, sem stefnda heldur fram og ómótmælt er af áfryjanda, að í húsið hafi verið notað nokkuð af efni, er Oddur Jónsson hafði fengið frá öðrum en Sigurði Jóhannssyni, og stefnda telur verið hafa 60 borð 12 fóta, 28 þakjárnsplötur 8 fóta, 4 tré 22 fóta og auk þess nokkuð af rekavið.

Áfryjandi hefir þannig eigi hrundið skýrslu stefndu, um að efni til hússins sé oftalið um 1974 kr. 40 a. eða sannað að Sigurður Jóhannson hafi látið í té meira efni en stefnda kannast við, en í því efni verður ekki farið eftir reikningum Sigurðar, með því að þeir eru í mörgum greinum ónáknæmir og ósamhljóða, og stefnda virðist hafa sýnt fram á það, að mótmæli hennar gegn reikningunum eigi við rök að styðjast. Það verður því að fallast á, að héraðsdómarinn hefir sýknað stefndu, og með því að málskostnaðarákvæði gestaréttarins einnig samþykkist, ber að staðfesta dóminn að öllu leyti.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Áfryjandi hefir í sóknarskjali við yfirdóminn viðhaft ítrekuð brígl um undirdómarann fyrir hlutdrægni og verður því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er ákveðst 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Áfryjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði

sekt til landssjóðs 10 kr. og til fátækra sjóðs Reykjavíkur 10 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1911:

Réttvísinn

gegn

Halldóri Þorsteinssyni og Antoni  
Birni Tómassyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 25. marz þ. á., voru hinir ákærðu, Halldór Þorgrímsson og Anton Björn Tómasson, dæmdir samkvæmt 230. gr. ninnna almennu hegningarlaga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða in solidum allan kostnað málsins, þar með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns þeirra í héraði, Einars bónda Sigfússonar á Stokkahlöðum, 8 krónur.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða Halldórs Þorgrímssonar, en fyrir hönd réttvísinnar hefir málinu verið áfrýjað til yfirdómsins að því er báða hina ákærðu snertir.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, að þeir aðfaranótt hins 24. október 1910 tóku 2 tilslegnar tunnur, fullar af kjötmeti, á opnu geymslusvæði austan við hús Kolbeins kaupmanns Árnasonar á Oddeyri og veltu þeim heim að húsi hins ákærða Halldórs Þorgrímssonar og létu þær